



Innra matsskýrsla Gæðaráðs Brekkuskóla Vor 2025

Akureyrarbær

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Stjórnun og fagleg forysta	4
Nám og kennsla	6
Innra mat.....	8
Staða verkefna í umbótaáætlun síðustu þriggja ára.....	9
Heildarniðurstaða innra mats	11
Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2025-2026	12

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats í Brekkuskóla skólaárið 2024 - 2025.

Unnið var út frá gæðaviðmiðum Menntastefnu Akureyrarbæjar sem skiptist í þættina:

- Stjórnun og fagleg forysta
- Nám og kennsla
- Innra mat

Hér eru birtar niðurstöður úr mati sem unnið hefur verið í Brekkuskóla síðustu þrjú ár.

Skólaárið 2024 – 2025 var byrjað að vinna að úrbótum út frá Stjórnun og fagleg forysta. Áfram unnið með sjö þætti í Námi og kennslu sem og tvo þætti í Innra mati.

Í innra mati í vetur var notast við Skólapúls fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk, tengslakannanir lagðar fyrir nemendur, ásamt ýmsum könnunum sem útbúnar eru í skólanum og einnig sem koma utan frá. Rýnihópar starfsfólks, vorskýrslur kennarateyma og skólaping er einnig mikilvægur þáttur í innra mati. Námsárangur nemenda var metinn í gegn um leiðsagnarnám þar sem fjölbreyttar matsaðferðir eru notaðar og notuð bæði óformleg og stöðluð matstæki.

Í Gæðaráði Brekkuskóla sitja: Jóhanna María Agnarsdóttir, skólastjóri, Aðalheiður Bragadóttir deildarstjóri, Sigríður Magnúsdóttir deildarstjóri, Halla Kristín Tulinius kennari, Sigríður Margrét Hlöðversdóttir kennari.

Stjórnun og fagleg forysta

Búið er að meta tvo kafla í Stjórnun og fagleg forysta og umbætur hafnar á þeim. Kaflarnir eru Faglegt samstarf og Samræða og leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna. Umbætur eru hafnar á þessum köflum þar sem unnið er með 6 þætti úr kaflanum Faglegt samstarf og samræða.

Unnið var með leiðtogahæfni stjórnenda að leiða starfsmannahópinn þannig að allir séu meðvitaðir um sína ábyrgð, viti hvaða faglegar væntingar stjórnendur gera til þeirra og allir upplifi sig sem hluta af liðsheildinni.

- Farið var ítarlega í starfslýsingar, fyrst með trúnaðarmanni og síðan starfsmönnum.
- Farið yfir reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins.
- Innleiðing á Teymisvinnu í samvinnu við MSHA.
- Brekkuskóli var aðili að samstarfsverkefni Vinnueftirlitsins, Kennarasambands Íslands um bætta vinnustaðamenningu en í því verkefni var meginmarkmiðið að stuðla að heilbrigðri og valdeflandi vinnustaðamenningu með áherslu á sálrænt öryggi, vellíðan og faglegt samstarf.
- Unnið með sýn og stefnu Brekkuskóla.

Stjórnun og fagleg forysta	
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting
Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna
Umbætur og innleiðingar breytinga	

Matsviðmið	
	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
	Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
	Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.
	Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
	Hefur ekki verið metið á tímabilinu.

Næsta skólaár verður haldið áfram að vinna með ofangreinda þætti og umbætur metnar í lok næsta skólaárs. Einnig verður áhersla á að starfsfólk fái þjálfun í að beita gagnreyndum aðferðum við að efla æskilega hegðun og sé samstíga í verklagi. Áhersla í þessari vinnu verður í markvissri notkun Uppbyggingarstefnu.

Þeir kaflar sem eftir eru verða metnir og unnið að umbótum út frá niðurstöðum skólaárið 2025-2026.

Nám og kennsla

Í Nám og kennsla fluttust sjö þættir frá skólaárinu 2023-2024 yfir á skólaárið 2024-2025. Áhersla var á að auka virka þátttöku nemenda við skipulag og mat á námi sínu út frá áhugasviði, vali um vinnubrögð og fjölbreytta nálgun. Liður í þessu er að allir nemendur taki þátt í nemendastýrðum samtölum með foreldrum og kennurum, auk meiri áherslu á áhugasviðs- og þemaverkefni. Skólinn hefur lagt áherslu á nemendalýðræði og unnið hefur verið markvisst að því að efla nemendur í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri m. a. á bekkjarfundum, í nemendastýrðum samtölum, í nefndum og á skólaþingi.

Liður í skólaþróun í átt að markmiðum menntastefnunnar er að allir kennarar í Brekkuskóla vinni út frá leiðsagnarnámi og teymiskennslu. Unnið er sameiginlega að námsaðlögun fyrir nemendur. Í skólanum er unnið í auknu mæli með vinabekki, kennarar þróa hugsandi skólastofu og uppbrotsdagar eru fastir liðir í skólastarfinu. Þá er einnig í auknum mæli unnið með útikennslu. Ekki hafa þó allir árgangar verið með markvissa útikennslu fasta á stundaskrá en áfram verður unnið í að því að auka hana. Í skólanum og skólastarfinu er sýnilegt að ofantaldir þættir eru að festast í sessi.

Árangurinn af þessu starfi er að mestu metinn með nemendakönnun í Skólapúlси en einnig með könnunum sem gerðar eru eftir viðburði og út frá vorskýrslum teyma.

Nám og kennsla	
Inntak og námskrá	Skipulag náms
Árangur náms	Námsvitund
Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka

Matsviðmið	
	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
	Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
	Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.
	Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Næsta skólaár verður áhersla á að grunnþættir menntunar stýri vali á viðfangsefnum ásamt heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna.

Í umbótaáætlun eru þeir grunnþættir sem unnið verður sérstaklega með.

Einnig verður unnið með jákvæð samskipti og virðingu í skólasamfélaginu. Uppbyggingarstefnan verður höfð að leiðarljósi í þeirri vinnu.

Innra mat


Í umbótum í innra mati voru stöðluð matstæki skoðuð og verkferill útbúinn varðandi þau. Samtímis verða breytingar næsta vetur hvað það varðar þegar matsferlar verða teknir í notkun og verður það því endurskoðað þá.

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

Matsviðmið	
	Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
	Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
	Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta.
	Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Næsta vetur verður áhersla á framkvæmd og mat á stefnu og gildum skólans.

Staða verkefna í umbótaáætlun síðustu þriggja ára



Þar sem mat og umbætur er hringferli er áhugavert að skoða stöðu umbóta í Brekkuskóla á meðfylgjandi mynd, þó aðeins komi fram hlutfallsleg staða verkefna en ekki fjöldi þeirra. Eins og sjá má á skífuriti hér til hliðar sést að á síðustu þremur árum höfum við lokið 60% þeirra verkefna sem unnið var með. Í ár færast 18% verkefna yfir á næsta skólaár og 22% eru verkefni sem hefjast í haust.

Heildarniðurstaða innra mats

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

Innra mat er fastur liður i skólastarfi Brekkuskóla. Síðustu ár hefur verið framþróun í innra mati og markvissri skráningu. Ár hvert eru ákveðin verkefni og atburðir í skólanum metnir og auk þess valdir þættir út frá Menntastefnu Akureyrar. Í þessu ferli eru nýttar fjölbreyttar leiðir og matstæki. Þetta starf er í stöðugri endurskoðun og þróun. Gæðaráð hefur öðlast aukna reynslu í þessari vinnu og nú er þátttaka nemenda, foreldra og starfsfólks sjálfsögð í mati og umbótavinnu. Þessi markvissa vinna og þátttaka styður við skólaþróun í Brekkuskóla.

Umbótaáætlun



Svið - Stjórnun og fagleg forysta

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
1.2 Stjórnun og fagleg forysta - Faglegt samstarf og samstaða Deild Skólinn Ábyrgð Stjórnendur -	2.2 Starfsmenn finna að lítið er á starfsmannahópinum sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.	Að stjórnendur leggi sig fram um að allir í starfsmannahópnum upplifi sig sem hluta af heildinni. Innleiðing teymisvinnunnar er liður í að styrkja liðsheildina. Markmið stjórnenda er að allt starfsfólk taki virkan þátt í nefndarstörfum innan skólans.	06/06/2026	Aðalheiður Bragadóttir, Jóhanna María Agnarsdóttir	Í vinnslu	Niðurstöður úr starfsmannakönnunum.	Að niðurstöður úr starfsmannakönnunum sýni að 90% + upplifi sig sem hluta af liðsheildinni.
	2.8 Kennarar þekkja faglegar væntingar sem stjórnendur gera til þeirra.	Að hausti er farið gaumgæfilega yfir stefnu og sýn Brekkuskóla og starfslýsingar, þar kemur skýrt fram hvaða kröfur eru gerðar. Áframhaldandi starfsþróunarsamtöl.	06/06/2026	Aðalheiður Bragadóttir, Jóhanna María Agnarsdóttir	Í vinnslu	Niðurstöður vorskýrslna og starfsmannakannanir.	Að 90%+ kennara geri sér grein fyrir þeim faglegu væntingum sem stjórnendur gera til þeirra.
	2.9 Stjórnendur hvetja kennara til að þróa stöðugt starfshætti sína og bæta gæði náms.	Setja inn link á starfsmannavefinn þar sem rætt er um sameiginlega starfsþróun yfir veturinn, t.d. símenntun HA og HÍ.	30/06/2026	Aðalheiður Bragadóttir, Jóhanna María Agnarsdóttir	Í vinnslu	Metið með því að hlekkurinn sé virkur og kynntur fyrir kennurum.	Að hlekkur á starfsmannavef um starfsþróun verði virkjaður. Útfæra starfsþróunarsíðu sem verður kynnt á haustdögum.
	2.10 Stjórnendur hvetja kennara til að rannsaka og rýna saman í árangur aðferða í kennslu með hlíðsjón af gögnum um framfarir nemenda.	Setja á dagskrá a.m.k. tvisvar á önn fundi sem fara í ígrundun varðandi hvaða kennsluaðferðir verið er að nýta á stiginu og hvaða árangri þær eru að skila fyrir nemendur.	01/07/2026	Aðalheiður Bragadóttir, Jóhanna María Agnarsdóttir	Ekki byrjað	Metið út frá fundargerðum sem eru með ákveðnu sniði, kemur þar fram að kennarar upplifi að stjórnendur séu að hvetja þá til þess að rýna saman í árangur.	Stjórnendur skipuleggja tíma til ígrundunar, rýni og skráningar.
	2.11 Stjórnendur eru virkir í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar.	Setja inn link á starfsmannavefinn þar sem rætt er um sameiginlega starfsþróun yfir veturinn, t.d. símenntun HA og HÍ. Kynnt á kennarafundi.	01/07/2026	Aðalheiður Bragadóttir, Jóhanna María Agnarsdóttir	Ekki byrjað	Metið með því að hlekkurinn sé virkur og kynntur fyrir kennurum.	Að hlekkur á starfsmannavef um starfsþróun verði virkjaður. Útfæra starfsþróunar síðu sem verður kynnt á haustdögum.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	2.14 Starfsfólk fær þjálfun í að beita gagnreyndum aðferðum við að efla æskilega hegðun og draga úr óæskilegri hegðun og er samstíga í verklagi.	Námskeið að hausti 2025, um Uppbyggingarstefnuna, áhersla á leiðir til að efla æskilega hegðun. Virk nefnd um Uppbyggingu næsta vetur.	31/07/2026	Aðalheiður Bragadóttir, Jóhanna María Agnarsdóttir	Ekki byrjað	Virgni Uppbyggingarnefndar metið út frá skýrslu nefndarinnar sem á að skila að vori. Nefndin meti það hvernig starfsfólk hefur notað Uppbyggingu í vinnu með nemendum.	Að öllu starfsfólki verði boðið að taka námskeiðið og að Uppbyggingarnefnd verði mönnuð.
1.7 Stjórnun og fagleg forysta - Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna Deild Skólinn Ábyrgð Stjórnendur -	7.6. Starfsfólk finnst það njóta trausts og hafa möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum.	Stjórnendur og starfsfólk ræðir af hreinskilni um ábyrgð og traust í starfsþróunarsamtölum.	30/06/2026	Aðalheiður Bragadóttir, Jóhanna María Agnarsdóttir	Ekki byrjað	Samantekt eftir starfsþróunarsamtöl.	Að það komi fram í samtölum og starfsmannakönnunum að allt starfsfólk upplifi það njóti trausts og hafi möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum.
	7.7. Verkefni og ábyrgðaraðilar þeirra eru skráðir og allir upplýstir þar um.	Að ganga úr skugga um að öll verkefni og ábyrgðaraðilar þeirra séu skráð í skólanámskrá og hún kynnt á starfsmannafundi að hausti.	30/06/2026	Aðalheiður Bragadóttir, Jóhanna María Agnarsdóttir	Ekki byrjað	Yfirfara skólanámskrá með tilliti til þess að verkefni og ábyrgðaraðilar þeirra séu skráðir.	Að allt starfsfólk upplifi traust og að það hafi möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum.
	7.8. Séð er til þess að upplýsingar um verkefni sem unnið er að séu jafnan uppfærðar og réttar.	Skólanámskrá yfirfarin og uppfærð að hausti.	30/06/2026	Aðalheiður Bragadóttir, Jóhanna María Agnarsdóttir	Ekki byrjað	Skólanámskrá yfirfarin og uppfærð að hausti.	Skólanámskrá yfirfarin og uppfærð að hausti.

Svið - Nám og kennsla

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
2.1 Nám og kennsla - Inntak og námskrá Deild Skólinn Ábyrgð Gæðaráð -	1.5. Grunnþættir stýra vali á viðfangsefnum en tryggt er að jafnframt sé tekið á viðfangsefnum Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.	Kennarar ígrunda kennsluna og gera grein fyrir því í vorskýrslum hvernig grunnþættir stýra vali á viðfangsefnum. Einnig hvernig unnið er með viðfangsefni Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.	31/07/2026	kennarar - Gæðaráð	Í vinnslu	Skráning í vorskýrslu þar sem kennarar gera grein fyrir því hvernig grunnþættir stýra vali á viðfangsefnum og hvernig var unnið með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.	Að öll kennarateymi geri grein fyrir hvernig grunnþættir stýra vali á viðfangsefnum og hvernig unnið var með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
2.6 Nám og kennsla - Ábyrgð og þátttaka Deild Skólinn Ábyrgð Gæðaráð -	6.2. Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.	Verkfæri Uppbyggingastefnu notuð þannig að þau hafi jákvæð áhrif í skólasamfélaginu. T.d. þarfnar, sleikipinninn, bíllinn, litahegðun, mitt og þitt hlutverk, lausnaleyti, hópefli - t.d. leikir, gönguferðir, spil og samvera.	30/06/2026	kennarar - Gæðaráð	Í vinnslu	Niðurstöður úr Skólalúsi matsþættir 2.1, 2.2, 2.3. og 2.4 í Skólalúsi. Spurning í Skólalúsi þar sem spurt er hvort nemendur hafi kynnst Uppbyggingarstefnunni og verkfærum hennar. Spurning í starfsmannakönnun um upplifun starfsmanna af samskiptum í skólanum.	Að matsþættir 2.1, 2.2, 2.3 í Skólalúsi séu á eða yfir landsmeðaltali vorið 2026. Í Skólalúsi vorið 2026 svari 90% nemenda að þeir hafi kynnst Uppbyggingarstefnunni og verkfærum hennar. Viðmið að 90% nemenda svari því jákvætt. Spurning í starfsmannakönnun um upplifun starfsmanna af samskiptum í skólanum. Viðmið að 100% starfsmanna upplifi að samskipti séu jákvæð og einkennist af virðingu.
Grunnþættir menntunar Deild Skólinn Ábyrgð Gæðaráð -	Heilbrigði og velferð - 5.4 Þegar skólastarf er metið er skoðað hvort og hvernig heilbrigði og velferð hafi sett mark sitt á nám og kennslu og skólastarfið í heild.	Ræða og skrá hvernig heilbrigði og velferð setur mark sitt á nám og kennslu og skólastarfið í heild. (Heilsuefliandi nefnd).	30/06/2026	kennarar - Gæðaráð	Í vinnslu	Í skólanámskrá er birt greinargóð skilgreining á grunnþættinum Heilbrigði og velferð. Rýna í vorskýrslur og endurskoða námsvísa að vori. Samstarfsfundir.	Allt starfsfólk hafi sameiginlegan skilning á hugtökunum Heilbrigði og velferð vorið 2025. Unnið sé út frá þeim í öllum námsgreinum og það birt í námsvísun og vorskýrslum vorið 2026.
	Jafnrétti - 4.1 Hugað er að jafnrétti í efnisvali og inntaki náms og kennslu.	Í öllum árgöngum verði unnið með fjölbreytt námsefni sem tengist jafnrétti.	31/07/2026	kennarar - Gæðaráð	Ekki byrjað	Rýnt í vorskýrslur.	Í vorskýrslum kemur fram að unnið hafi verið í öllum árgöngum fjölbreytt verkefni sem tengjast jafnrétti, að lágmarki tvö verkefni á önn.
	Jafnrétti - 4.3 Vinnubrögð kennara og annarra sem starfa í skólanum taka mið af jafnrétti.	Starfsfólk rýni í jafnréttisáætlun skólans, skrá það sem við erum að gera og finna hvar sóknarfærin liggja.	31/07/2026	kennarar - Gæðaráð	Ekki byrjað	Samantekt á niðurstöðu vinnu starfsfólks.	Starfsfólk fylgi jafnréttisáætlun Brekkuskóla.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Lýðræði - 3.4 þegar skólastarf er metið er skoðað hvort og hvernig lýðræði og mannréttindi hafi sett mark sitt á nám og kennslu og skólastarfið í heild.	Unnið verður að sameiginlegum skilningi á hugtakinu lýðræði og unnið með það í öllum árgöngum.	31/07/2026	kennarar - Gæðaráð	Ekki byrjað	Rýna í námsvísa að hausti og vorskýrslur. Endurskoða námsvísa að vori.	Allir hafa sameiginlegan skilning á hugtökunum lýðræði og mannréttindi. Unnið sé út frá þeim í öllum námsgreinum og það birt í námsvísu og vorskýrslum.
	Sjálfbærni - 2.4 þegar skólastarf er metið er skoðað hvort og hvernig sjálfbærni hafi sett mark sitt á nám, kennslu og skólastarfið í heild.	Unnið verður að sameiginlegum skilningi á hugtakinu sjálfbærni og unnið með það í öllum árgöngum.	31/07/2026	kennarar - Gæðaráð	Ekki byrjað	Rýna í námsvísa að hausti og vorskýrslur. Endurskoða námsvísa að vori.	Allir hafa sameiginlegan skilning á hugtakinu sjálfbærni. Unnið sé út frá því í öllum námsgreinum og það birt í námsvísu og vorskýrslum.
	Sköpun - 6.4 þegar skólastarf er metið er skoðað hvort og hvernig sköpun hafi sett mark sitt á nám og kennslu og skólastarfið í heild.	Unnið verður að sameiginlegum skilningi á hugtakinu sköpun og unnið með það í öllum árgöngum.	31/07/2026	kennarar - Gæðaráð	Ekki byrjað	Í skólanámskrá er birt greinargóð skilgreining á grunnþættinum sköpun. Rýna í vorskýrslur og endurskoða námsvísa að vori. Samstarfsfundir.	Allir hafa sameiginlegan skilning á hugtakinu sköpun. Unnið sé út frá því í öllum námsgreinum og það birt í námsvísu og vorskýrslum.
Innleiðing í kjölfar endurskoðunar Aðalnámskrár grunnskóla 2025 Deild Skólinn Ábyrgð Gæðaráð -	Innleiðing á endurskoðaðri Aðalnámskrá grunnskóla.	Allir kennarar og stjórnendur vinna að innleiðingunni.	31/07/2026	kennarar - Gæðaráð	Í vinnslu	Hæfnikort 10. bekkjar verði í samræmi við endurskoðaða Aðalnámskrá.	Að nemendur í 10. bekk verði útskrifaðir samkvæmt nýjum hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.

Svið - Innra mat

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
3.1 Innra mat - Skipulag Deild Skólinn Ábyrgð Jóhanna María Agnarsdóttir	1.3. Markmið stefnu skólans eru metin markvisst og reglubundið með skipulögðum hætti.	Markvisst gætt að því að gildi skólans séu metin út frá viðmiðum sem skólinn hefur sett sér varðandi þau. Hugmyndabanki fyrir menntun, gleði, umhyggja, framfarir.	30/06/2026	kennarar - Gæðaráð	Í vinnslu	Rýnt í skólanámskrá og matsskýrslur. Menntun, gleði, umhyggja, framfarir. Tengslakannanir, Námsárangur, Skólapúls, Formskannanir.	Í skólanámskrá er gert grein fyrir því hvernig stefna skólans er metin reglubundið. Í vorskýrslum er gerð grein fyrir hvernig unnið er með menntun, gleði, umhyggja, framfarir.

